



## Hvað geta stofnanir gert til að vekja athygli á nýtnivikunni?

- Fara í **flokkunarkeppni** milli hæða/teyma/deilda/starfsstöðva
  - T.d. hægt að mæla út frá magni úrgangs í almennu tunnunum, hvar er minnst af almennum úrgangi eftir vikuna?
- Stofnunin getur sett sér **markmið um hærra endurvinnsluhlutfall** í mánuðinum.
  - Fáíð upplýsingar frá sorphirðunni ykkar um hver staðan er núna og setjið markmið um hærra hlutfall sem þið kynnið og vinnið að í Nýtnivikunni (og áfram)
- **Fá fyrirlestur** um flokkun frá ykkar sorphirðuþjónustu
- Senda út **fróðleiksmola í tölvupósti** einu sinni eða oftar í vikunni um hvernig draga má úr neyslu og koma í veg fyrir myndun úrgangs. Sjá t.d. [hér](#) og [hér](#).
  - Einnig heldur Umhverfisstofnun utan um allskyns [tölfræði tengda úrgangi á Íslandi](#) sem fróðlegt er að kynna sér og miðla áfram til starfsmanna.
- Senda út upplýsingar í tölvupósti einu sinni eða oftar í vikunni um hvernig staðið er að flokkun innanhúss hjá ykkur.
  - Getið t.d. tekið fyrir ákveðið þema á hverjum degi og hvaða úrgangur á heima í hvaða tunnu. Dæmi: plast tekið fyrir á mánudegi, málmur á þriðjudegi o.s.frv.
  - Hvar eru flokkunartunnur staðsettar innanhúss og hvað á að fara í hverja tunnu?
- Setja upp **skiptimarkað**.
  - Við ætlum t.d. að vera með fataslá og borð á fjölförnum stað hér innan Umhverfisstofnunar alla næstu viku (og mögulega lengur ef vel tekst til!) þar sem starfsmenn geta losað sig við föt og ýmsa muni og fundið ýmsar gersemar frá öðrum í staðinn.
  - Sniðugt tækifæri fyrir jólasveina stofnunarinnar til að skiptast á dóti í skóinn 😊
- **Mæla matarsóun** hjá ykkur alla vikuna, vera með fræðslu um matarsóun og hvernig er hægt að draga úr henni og mæla svo aftur í heila viku eftir einhvern tíma. Varð einhver breyting á? Neðst á [þessari síðu](#) er *Ítarefni*, þar er að finna *Matarsóun - leiðbeiningar um skráningu*
- Er árs hátíð eða starfsmannapartý á döfinni? Hvernig væri að hvetja starfsmenn til að mæta kaupa ekki nýtt dress af því tilefni **heldur fá lánað, nota gömul föt eða finna dress á nytjamarkaði?**
- Er einhver starfsmaður sem hugar að minni sóun í leik og starfi sem gæti deilt reynslu sinni og veitt góð ráð t.d. á hádegisfyrirlestri?
- Notaðu ímyndunaraflað!